

## **Sveitarfélagið Hornafjörður**

[Gunnlaugur Róbertsson](#)

Umsögn birt **7.05.2026**

Umhverfis- og skipulagsnefnd sveitarfélagsins Hornafjarðar tók málið fyrir þann 5. maí 2026 og kemur bókun fram að neðan:

Tekin er fyrir kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskyldu endurbyggingar um 3,7 km kafla Stokksnesvegur. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi en núverandi vegur er burðarlítill malarvegur með slæma legu og takmarkað umferðaröryggi. Endurbyggður vegur verður að mestu í núverandi vegstæði en rétt verður úr kröppustu beygjum og blindhæðir mildaðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hefur farið yfir fyrirbyggjandi gögn vegna fyrirhugaðrar endurbyggingar Stokksnesvegur. Framkvæmdin fellur undir 2. viðauka laga nr. 111/2021 og er því tilkynningarskyld. Að mati nefndarinnar er, með hliðsjón af umfangi framkvæmdarinnar og því að hún fer að mestu fram innan núverandi vegstæðis, ólíklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Nefndin telur því ekki tilefni til að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum, enda verði gætt að verndarsvæðum og mótvægisáðgerðum.

HMS  
Borgartún 21  
105 Reykjavík

12.mai 2026  
YTRI-2026-04-465  
00.11.02 Umsagnir um skipulagsmál

Efni: **Umsögn Landsnets um kynningarskýrslu vegna könnunar á matsskyldu Stokksnesvegur**

Kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskyldu Stokksnesvegur í Sveitarfélaginu Hornafirði er til kynningar í Skipulagsgátt, mál nr. 457/2026. Umsagnafrestur er til 15. maí 2026.

Landsnet hefur farið yfir kynnt gögn en Landsneti barst ekki beiðni um að veita umsögn. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet minnir á að *Hóllalína 1* liggur innan framkvæmdasvæðis endurbyggingar Stokksnesvegur, nærri stöð 600. Um er að ræða 132 kV loftlínu á vegum Landsnets og meðfram henni er helgunarsvæði.

*Hóllalínu 1* er ekki getið í kafla 2 um staðhætti á framkvæmdasvæði í kynningarskýrslunni. Í kafla 1.8 um leyfisveitendur kemur þó fram að þar sem framkvæmd skarist við helgunarsvæði háspennulínu þurfi náíð samráð við eiganda hennar um útfærslur og að engar framkvæmdir séu leyfðar innan helgunarsvæðis háspennuvirkis í rekstri nema fyrir liggi heimild frá viðkomandi raforkuflutningsaðila. Í kafla 7.1 er yfirlit yfir þá aðila sem haft verður samráð við en Landsnet er ekki þar á meðal.

Í kafla 3.4 um vinnubúðir kemur fram að áætlað sé að vinnubúðir og athafnasvæði verktaka verði á svæði við stöð 600 og að endanleg staðsetning verði valin í samráði við landeiganda. Landsnet leggur áherslu á að samráð verði einnig haft við fyrirtækið um val á staðsetningu nærri ofangreindri háspennulínu.

Leyfi Landsnets þarf vegna framkvæmda innan helgunarsvæðis háspennulínu fyrirtækisins. Einnig þarf leyfi Landsnets vegna vinnu nálægt flutningsvirkis í rekstri, þar með talið háfermisflutninga undir háspennulínum fyrirtækisins.

Upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð*<sup>[1]</sup> sem er að finna á heimasíðu Landsnets.

Virðingarfyllt

---

Rut Kristinsdóttir  
Sérfræðingur umhverfismála

<sup>[1]</sup> <https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>

Sæl

Til kynningar á samradsgatt.is er Stokksnesvegur. Landhelgisgæsla Íslands er ekki umsagnaraðili í málinu en vill koma eftirfarandi til skila vegna málsins:

Landhelgisgæsla Íslands rekur í umboði utanríkisráðuneytisins ratsjárstöð á Stokksnesi og farið er um umræddan veg að stöðinni. Landhelgisgæslan gerir ekki athugasemd við framkvæmdina en vekur athygli á því að nærri veginum er vatnsból sem skilgreint er sem öryggissvæði skv. auglýsingu nr. 964/2021 um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða. Landhelgisgæslan vekur athygli á að rafstrengur, vatnslögn og ljósleiðari liggja í eða við núverandi vegstæði eins of fram kemur í gögnum málsins. Mikilvægt er að sem minnstar truflandir verði á rekstri þeirra veitna vegna verksins. Þá benda starfsmenn Landhelgisgæslunnar á Stokksnesi á og vara við grjóthruni sem getur fallið á veginn eftir mestallri veglínunni.

Kveðja,

Sveinn Valdimarsson

Skipulagsfulltrúi öryggissvæða

s. 895 2710

Beimur ehf - Verkfræðipjónusta

Suðurgarði 1, 230 Reykjanesbæ



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS)  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

13. maí 2026  
202604-0050/F.G.J.

## Efni: Umsögn – Matsskyldufyrirspurn – Stokksnesvegur

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar er barst 20. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um matsskyldufyrirspurn vegna endurbyggingu á Stokksnesvegi í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Í greinargerð kemur fram að endurbyggður verði 3,68km langur kafli á veginum til þess að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi þar sem núverandi vegur er burðarlítill malarvegur með slæma legu og takmarkað umferðaröryggi. Endurbyggður vegur verður að mestu í núverandi vegstæði en rétt verður úr kröppustu beygjum og blindhæðir mildaðar.

### Náttúruminjaskrá

Á framkvæmdasvæðinu eru tvö svæði á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Annars vegar er það Skarðsfjörður, nr. 629, sem er lýst á eftirfarandi hátt: „Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.“ Hins vegar er það Fjalllendið utan Skarðsdals, nr. 653, sem er lýst á eftirfarandi hátt: „Fjallendið utan við Skarðsdal. Fagurt fjallendi með margvíslegum bergtegundum. Í Vesturhorni finnst bæði granófýr og gabbró.“

Náttúruverndarstofnun telur ekki að fyrirhuguð framkvæmd muni rýra gildi þessara svæða. Stofnunin leggur þó áherslu á að vandað sé til verka varðandi efnisvinnslu þar sem jarðminjar skulu varðveittar eftir fremsta megni, en jákvætt er að nýta skuli námur sem nú þegar eru til staðar.

### Mikilvæg fuglasvæði

Á framkvæmdasvæðinu eru einnig tvö mikilvæg fuglasvæði. Annað þeirra er Vestrahorn-Fjarðarfjall<sup>1</sup> sem telst vera alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð sem hýsir 17 þúsund pör fýla. Náttúruverndarstofnun telur ekki að framkvæmdin muni hafa áhrif á þetta fuglasvæði þar sem fjallklettarnir eru hátt uppi í fjöllum og fjarri veginum. Vitanlega verður einhver hljóðtruflun á framkvæmdatíma en hún mun líklega ekki hafa veruleg áhrif á fýlabbyggðina.

<sup>1</sup> [Náttúrufræðistofnun – Vestrahorn-Fjarðarfjall](#)

Hitt mikilvæga fuglasvæðið er Skarðsfjörður<sup>2</sup>, sem er er fremur grunnt sjávarlón austast í Nesjum í Hornafirði, með miklum leirum og sjávarfitjum. Til þessa svæðis telst einnig Hornafjarðarós og Austurfjörur, ásamt grunnsævi, frá ósnum að Stokksnesi. Þetta svæði er sérlega mikilvægt á fartíma fyrir fugla sem stunda fæðunám í leirunum. Má þar sérstaklega nefna tegundir eins og jaðrakan, tjald og lóupræl ásamt æðarfuglum í fjaðrafelli og sendlingum að vetri til. Náttúruverndarstofnun tekur undir það sem fram kemur í greinargerð að mikilvægt sé að framkvæmdir fari fram utan þessa mikilvæga fartíma til þess að lágmarka neikvæð áhrif á fuglalíf. Mikilvægt er einnig að koma í veg fyrir alla mögulega mengun sem borist gæti í leirurnar og haft áhrif á það vistkerfi.

Æskilegt væri einnig að huga að því halda framkvæmdum utan varptíma eins og kostur er, þar sem líklegt verður að teljast að mófuglar nýti sér mólendið í grennd við veginn sem varpstað og votlendið sem fæðunámsstað.

### Sérstök vernd

Lítt raskað votlendi og leirur njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Framkvæmdaraðili telur að þau vistkerfi af þeim toga, sem finnast nálægt framkvæmdasvæðinu, verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum vegna framkvæmdarinnar. Náttúruverndarstofnun tekur undir það að hægt sé að koma í veg fyrir neikvæð áhrif en þó verði að gæta varúðar við framkvæmdir, t.a.m. að undirbúa mengunarvarnir vel ásamt því að passa upp á vatnsflæði og vatnstöðu.

### Landslag og ásjúnd

Stokksnes er vinsæll áfangastaður ferðamanna, innlendra sem erlendra, vegna stórbrotinnar náttúrufegurðar. Mikilvægt er að hanna legu og útlit vegarins svo ásjúndin verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum. Náttúruverndarstofnun telur það vel gerlegt og nægilega skýrt í greinargerð hvernig fari verði að því.

### Niðurstaða

Náttúruverndarstofnun telur að fyrirhuguð enduruppbygging á Stokksnesvegi muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og að framkvæmdin sé því ekki háð fullu mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin ítrekar þó áherslu sína á að gætt sé að mengunarvörnum og að framkvæmdir fari fram utan fartíma fugla og sömuleiðis varptíma ef kostur er á því.

Virðingarfyllst,

Fróði Guðmundur Jónsson

---

<sup>2</sup> [Náttúrufræðistofnun – Skarðsfjörður](#)

***sérfræðingur***

Ármann Guðmundsson

***sérfræðingur***



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Sigurður Ásbjörnsson

Borgartúni 21

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. maí 2026

Málsnúmer: 202604-0027

IAS/OKV

## Efni: Stokksnesvegur, matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Húsnæðis- mannvirkja- og skipulagsstofnunar frá 16. apríl 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldu Stokksnesvegur.

Vegagerðin ætlar að endurbyggja Stokksnesveg frá Almannaskarði að Leirtjörn. Vegurinn verður breikkaður, styrktur og lagður tvöfaldri klæðningu. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í landi jarðarinnar Horn 1 í Sveitarfélaginu Hornafirði. Áætluð efnisþörf er 37 þús. m<sup>3</sup> og er gert ráð fyrir að hluti efnisins komi úr skeringum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en einnig verði tekið efni úr tveimur námum sem tilgreindar eru í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjörður (E18 og E21).

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina með matskyldufyrirspurninni og kemur með eftirfarandi athugasemdir og ábendingar.

Eins og fram kemur í greinargerðinni er framkvæmdasvæðið innan svæða á bæði B- og C-hluta náttúruminjasrár, það er innan skörunarsvæðis tveggja mikilvægra fuglasvæða og það liggur að votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/3013).

Mögulega er votlendi á vegstæðinu meira en það sem vistgerðakort gefur til kynna af loftmyndum að dæma. Lítið er um sjávarfitjar á þessum vegkafla, helst við Klifatanga. Fitjarnar og votlendið njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og er æskilegt að halda raski á því í lágmarki.

Efnistaka vegna framkvæmdanna er m.a. fyrirhuguð úr Guluskriðu við Stokksnesveg (E21) og til vara er náma í Almannaskarði (E27). Náttúrufræðistofnun bendir að almennt er efnistaka úr skriðum óæskileg þar sem hún getur haft veruleg sjónræn áhrif í landslagi og verið til mikilla lýta á umhverfinu. Forðast ætti efnistöku úr skriðum eins og kostur er og alls ekki vera með námur í skriðum á áberandi stöðum í fallegu landslagi. Sérstaklega er varhugavert að fara með námur djúpt inn í skriðufótinn þar sem það raskar jafnvægi skriðunnar og getur valdið hruni, ekki bara úr efri hluta skriðunnar heldur líka úr klettum fyrir ofan þar sem stuðningur við þá minnkar. Þetta hefur Vegagerðin líka tekið fram á vef um efnistöku og frágang, sem settur var upp í samstarfi Vegagerðarinnar, Landsvirkjunar og Umhverfisstofnunar (<https://www.namur.is/undirbuningur/efnistaka-urskridum/>) og er naman í Almannaskarði tekin sem dæmi um námu í skriðu í fallegu umhverfi sem mjög mikil lýti er af og nær ómögulegt er að ganga frá svo vel fari.

Hámarkshraði á veginum núna er 80 km/klst. en leiðbeinandi hraði er 40 – 60 km/klst. á hluta vegarins. Við endurbyggingu á veginum er hætt við að hraði aukist sem gæti haft slæm áhrif á fuglalíf en eins og fram hefur komið er framkvæmdasvæðið innan tveggja mikilvægra fuglasvæða. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að skoða hvort rétt sé á að taka hraðann niður á einhverjum köflum vegarins til að vernda fugla.



Náttúrufræðistofnun telur að nokkuð vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum og ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat. Engu að síður þarf að skoða hvort hægt sé að sleppa alveg efnistöku úr skriðum og meta hvort þörf sé að taka niður hraða á veginum á einhverjum stöðum til að vernda fuglalíf.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson,  
jarðfræðingur

Góðan dag

Rarik gerir ekki athugasemd við framkvæmdina en við óskum eftir tímalegu samtali um færsluna þannig að hægt sé að undirbúa færslu á strengjum með góðum fyrirvara.

Kveðja

+354 528 9000 | | [www.rarik.is](http://www.rarik.is)



[Fyrirvari / Disclaimer](#)



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands  
Bakka 1 765 Djúpavogi

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík

Djúpivogur, 19. maí 2026  
MÍ202604-0225/ 6.07 / P.E.H.

## Efni: MÁU - Stokksnesvegur, nr. 457/2026: Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar varðandi matsskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Stokksnesveg innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar (mál nr. 457/2026). Hægt var að hlaða niður greinargerð (mars 2026) og afstöðumynd (13.03.2026) auk þess sem fornleifaskráning svæðisins var meðfylgjandi.

Fyrirhuguð er endurbygging á 3,68km löngum kafla á Stokksnesvegi innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi. Endurbyggður vegur verður að mestu í núverandi vegstæði en rétt verður úr kröppustu beygjum og blindhæðir mildaðar. Notast verður við efni í framkvæmdina sem fæst úr skeringum en einnig verður tekið efni úr námu í Guluskriðu (E21 á aðalskipulagi) og í Slufrudal (E18 á aðalskipulagi). Fjallað er um fornleifar í kafla 5.9.

### Athugasemdir Minjastofnunar Íslands:

Í tengslum við ofangreindrar framkvæmdir vann Sagnabrunnur ehf. fornleifaskráningu árið 2026 innan ofangreinds framkvæmdarsvæðis; *Fornleifaskráning vegna Stokksnesvegjar við Horn, Hornafirði*. Minjastofnun Íslands bendir á að það eintak skýrslunnar sem er aðgengilegt í gegnum Skipulagsgáttina er ekki staðfest útgáfa skýrslunnar en hægt er að nálgast hana hjá stofnuninni. Hefur sú útgáfa skráningarinnar verið staðfest, sbr. 5. mgr. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Alls voru tíu fornleifar skráðar innan skilgreinds skráningarsvæðis.

Heimild um sel (3556-007) er skráð nærri fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði sem mun koma til með að ná rétt inn fyrir friðhelgunarsvæði hennar. Ekki sást til minja á vettvangi og er minjastaðurinn því ekki staðsettur nákvæmlega. Mikilvægt er að fara með aðgát við framkvæmdir á þessu svæði og hafa í huga að ef fornminjar koma í ljós við framkvæmdir að þær séu stöðvaðar án tafar og stofnuninni gert viðvart.

Norðaustan við veginn eru skráðar fornleifar; tóft (3556-003), garðlag (3556-004), tóft (3556-005) og garðlag (3556-006) auk götu (3556-010). Framkvæmdir ná ekki inn fyrir friðhelgunarsvæði þeirra. Lagt er til að

**Puríður Elísa**  
**Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

merkja þessa staði með áberandi hætti á meðan á framkvæmdum stendur svo þær verði ekki fyrir raski af vangá.

Aðrar þekktar fornleifar eru í nokkuð góðri fjarlægð frá fyrirhuguðum framkvæmdum en vert er að benda á að taka þarf tillit til þeirra, sem og allra fornleifa, innan svæðisins. Með því að láta afstöðu allra fornleifa koma fram á verkeikningum er verið að upplýsa verktaka og aðra framkvæmdaraðila um tilvist þeirra. Með því að merkja þær á vettvangi með skýrum hætti er verið að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski af vangá.

Fyrirnefnd fornleifaskráning nær yfir efnistökusvæði E21 (Gulaskriða) og eru engar þekktar fornleifar innan þess svæðis. Ekki liggur fyrir fornleifaskráning fyrir námu E18 (Slufrudalur).

Í kafla 1.8 er fjallað um leyfisveitendur og í kafla 7.1 um samráðsaðila en í hvorugum þeirra er minnst á Minjastofnun Íslands. Rétt er að benda á að leyfi stofnunarinnar þarf að liggja fyrir ef raska þarf menningarminjum eða ef fara þarf inn fyrir friðhelgunarsvæði þeirra.

*Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum en ítrekar ofangreindar athugasemdir sínar til varnar menningarminja. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur m.a.:*

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

*Einnig vekur stofnunin athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:*

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

*Nánari upplýsingar veitir undirrituð.*

Virðingarfyllst,



Puriður Elísa Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

28. maí 2026

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

## Efni: Umsögn um skýrslu vegna könnunar á matsskyldu – Stokknesvegur í Sveitarfélaginu Hornafirði, Almannaskarð-Leirtjörn

Vísað er til kynningarskýrslu Vegagerðarinnar vegna könnunar á matsskyldu fyrir endurbyggingu Stokknesvegur (9720-01), frá Almannaskarði að Leirtjörn í Sveitarfélaginu Hornafirði, dags. mars 2026. Um er að ræða endurbyggingu um 3,68 km kafla núverandi vegar með breikkun, lagfæringu á legu, tvöfaldri klæðingu og efnistöku úr námum E18 og E21 samkvæmt Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012–2030.

Bent er á að framkvæmdin er starfsleyfis- eða skráningaskyld hjá heilbrigðisnefnd samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, m.a. vegna vinnslu jarðefna, landmótunar og verktakaaðstöðu. Jafnframt kunna vinnubúðir og tengd aðstaða að vera starfsleyfis- eða skráningaskyld samkvæmt lögum nr. 7/1998 og nr. lögum nr. 93/1995 um matvæli.

Lögð er áhersla á að við framkvæmdir verði gripið til fullnægjandi mengunarvarna og að rask á umhverfi verði haldið í lágmarki, sérstaklega í ljósi nálægðar við vernduð votlendissvæði, leirur og alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Jafnframt þarf að liggja fyrir fullnægjandi viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa áður en framkvæmdir hefjast.

Heilbrigðisnefnd Austurlands tekur undir ábendingar Náttúrufræðistofnun Íslands um mikilvægi þess að halda raski vegna efnistöku í lágmarki, sérstaklega ef um efnistöku úr skriðum er að ræða, þar sem slík efnistaka getur haft veruleg sjónræn áhrif og torvelað fullnægjandi frágang svæða. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að sérstök aðgát verði höfð við efnistöku og frágang efnistökusvæða í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heilbrigðisnefnd Austurlands telur að almennt sé nægilega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umfangi hennar og helstu umhverfisáhrifum í framlögðum gögnum. Jafnframt er gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum og frágangi vegna framkvæmdarinnar, m.a. hvað varðar meðferð jarðvegs, frágang skeringa og náma, ræsi og vatnsflæði, auk mengunarvarna á framkvæmdatíma.

Að teknu tilliti til framangreindra atriða telur Heilbrigðisnefnd Austurlands ekki tilefni til að framkvæmdin skuli háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Virðingarfyllt  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi